



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 165. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, mánudaginn 15. nóvember 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótisdalshrepps,
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gestir:

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri öryggis- og skipulagsmála,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 101 - 2110001F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

2. Svæðisráð suðursvæðis - 102 - 2111003F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

3. Svæðisráð vestursvæðis - 98 - 2110011F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

4. Svæðisráð vestursvæðis - 99 - 2111002F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

5. Svæðisráð norðursvæðis - 85 - 2110014F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

6. Svæðisráð austursvæðis - 105 - 2110008F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

7. Svæðisráð austursvæðis - 106 - 2111001F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

8. Rekstur þjóðgarðsins janúar til og með september 2021 - 2101030

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála varðandi rekstur þjóðgarðsins tímabilið jan til sept 2021.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:30

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri stofnunarinnar eftir fyrstu 9 mánuði ársins og útkomuspá til áramóta. Gert er ráð fyrir að reksturinn verði í góðu jafnvægi um næstu áramót.

9. Rekstraráætlun 2022 - 2108087

Fyrir fundinum lá tillaga að rekstraráætlun fyrir rekstrarárið 2022 ásamt skýringum og fylgigögnum

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:40

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri kynntu vinnu sem fram hefur farið við gerð rekstraráætlunar 2022 sem byggist á góðu samstarfi stjórnenda þjóðgarðsins. Tillaga að rekstraráætlun hefur verið kynnt og staðfest af svæðisráðum þjóðgarðsins .

Vinna við rekstraráætlun ársins 2022 hefur verið sérstök að því leiti að fjárlagafrumvarp þess árs hefur enn ekki verið lagt fram á Alþingi vegna tafa á myndun nýrrar ríkisstjórnar. Vegna þessa hefur þjóðgarðurinn m.a. byggt á langtímaáætlunum stjórnvalda auk þess sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur aðstoðað við að meta ákveðna þætti í rekstri næsta árs s.s. vegna stækkunar þjóðgarðsins og nýrra gestastofa. Einnig er byggt er á þróun síðustu mánaða varðandi áætlaðar sértekjur en þær hafa farið vaxandi vegna fjölgunar erlendra ferðamanna á Íslandi.

Eftirfarandi tillögur að rekstraráætlun eru settar fram með þeim fyrirvara að breytingar geti orðið þegar fjárlagafrumvarp ársins 2022 hefur verið lagt fram á Alþingi.

Tillaga varðandi lykiltölur í rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs á árinu 2022 er eftirfarandi:

Rekstrarútgjöld

Laun og launatengd gjöld: 724,4 Mkr.

Önnur gjöld: 236,1 Mkr.

Samtals gjöld: 960,5

Tekjur:

Framlag úr ríkissjóði til rekstrar: 639,7 Mkr.

Sérstakt áætlað Covid-19 framlag ráðuneytis: 50 Mkr.

Sértekjur: 187,3 Mkr.

Sérstök framlög: 87,5

Samtals tekjur: 964,5 Mkr.

Fjárfestingar

Framlag úr ríkissjóði til fjárfestinga samtals: 229,5 Mkr.

Fjárfestingar v/Gestastofa Kirkjubæjarklaustri: 128,6 Mkr.

Önnur fjárfesting: 100,9 Mkr

Framangreind tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna ársins 2022 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu á almennum rekstri upp á um 4,0 Mkr. og að höfuðstóll ársins verði jákvæður um þá upphæð.

Gert er ráð fyrir því að fjárfestingar fjármagnaðar frá Innviðasjóði verði samtals á árunum 2022 og 2023 um 425 Mkr. og að auki eru innsendar umsóknir í Innviðasjóð að upphæð 430 Mkr.

Stjórn samþykkir framangreinda tillögu að rekstráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð vegna ársins 2022.

Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra er falið að ljúka vinnu við að koma áætluninni inn í áætlanagerfi ríkisins (Akra) og skila áætluninni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins með bréfi og greinargerð.

Stjórn vill koma á framfæri þökkum fyrir góða vinnu stjórnenda Vatnajökulspjóðgarðs við gerð rekstraráætlunar vegna ársins 2022 á sérstökum tímum heimsfaraldurs.

10. Erindi frá FLH um griðland við Snæfell - 2108086

Lögfræðingur og formaður svæðisráðs austursvæðis skýrðu frá erindi Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) varðandi veiðar við Snæfell. Vinnsla málsins hefur verið sett í forgang. Við vinnuna hefur verið lögð áhersla á gagnaöflun og gott upplýsingaflæði með fagleg vinnubrögð að leiðarljósi.

Fulltrúar FLH hafa komið á fund svæðisráðs austursvæðis og greint frá sínum sjónarmiðum. Óskað hefur verið eftir umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Hreindýraráðs og Náttúrustofu Austurlands. Fundað hefur verið með Umhverfisstofnun og fulltrúum Skotvíis og fleiri fundir í bígerð.

Þegar umsagnir liggja fyrir mun svæðisráð austursvæðis taka afstöðu til þess hvort það leggur til við stjórn að breytingar verði gerðar á ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar um veiði á austursvæði þjóðgarðsins við Snæfell.

Fulltrúi SAMÚT telur mikilvægt að þar sem fram er komið álit lögmanns þess efnis að skerðing umfram veiðar í viðauka III hafi ekki lagastoð og þar sem ekki hefur verið lagt fram álit annara lögmannna sem rökstyður lagastoð fyrir þessum takmörkum, sé mjög mikilvægt að skorið verði sem fyrst úr um lagalegar forsendur fyrir þessum skerðingum og gripið verði fljótt til viðeigandi ráðstafana í ljósi þeirrar niðurstöðu sem þar mun koma fram.

11. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Umsagnarferli - 2105079

Verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar kynnti framlagðar umsagnir og tillögur að afgreiðslu. Tillögurnar hafa fengið umræðu í svæðisráðum og hefur í framlögðum gögnum verið brugðist við þeim ábendingum sem fram komu.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulag- og öryggismála - 14:30

Stjórn þakkar góða vinnu við gerð 3.útgáfu af stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs. Um er að ræða brýnar breytingar sem skilgreindar voru í verkefnislýsingu og snúa að uppfærslu tilvísana á regluverki, minniháttar breytingum á

ákvæðum svæða sem og viðbótum í tengslum við stækkanir þjóðgarðsins fram til 2019.

Samráð við hagsmunaaðila í umsagnarferlinu var gagnlegt og bárust margar umsagnir og ábendingar sem hafa nýst vel í vinnunni. Margar þeirra koma að gagni við eflingu kynningarstarfs, þróun verklags, skipulagsvinnu, stefnumótunar og samráðs. Ennfremur kemur fjöldi umsagna að gagni í þeirri framhaldsvinnu sem liggur fyrir við heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar.

Svæðisráð allra svæða hafa tekið tillögurnar til umræðu og hefur í framlagðri tillögu til stjórnar verið brugðist við þeim ábendingum sem komið hafa fram á þeim fundum. Stjórn samþykkir afgreiðslu umsagna og framlagða breytingatillögu.

Stjórn óskar þess að gögn verði undirbúin til meðferðar í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, þar með talin samþætting þegar samþykkt viðauka fyrir Breiðamerkursand við stjórnunar- og verndaráætlun sem þá verður 3. útgáfa.

12. Skýrsla mannvirkja- og gæðafulltrúa - 2104025

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um framkvæmdir innan þjóðgarðsins.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs - 14:45

Mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs kynnti stöðuna í uppbyggingu innviða og gestastofa hjá Vatnajökulspjóðgarði. Einnig kynnti hann umsóknir þjóðgarðsins til Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

13. Húsnæðismál Vatnajökulspjóðgarðs - 1909022

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um húsnæðismál starfsfólks þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs - 15:00

Mannvirkja- og gæðafulltrúi kynnti tillögu Vatnajökulspjóðgarðs um mismunandi sviðsmyndir við að byggja húsnæði fyrir starfsmenn þjóðgarðsins í Skaftafelli. Unnið er að framgangi þessa mikilvæga máls með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Stjórn leggur áherslu á að það verði að bregðast fljótt við alvarlegum húsnæðisvanda starfsfólks í Skaftafelli.

14. Breyting á deiliskipulagi - Skaftafell - 2021-2022 - 2109079

Fyrir fundinum lágu drög að lýsingu fyrir breytingu á deiliskipulagi fyrir Skaftafell til samþykktar.

Gestir

Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi - 15:15

Í samræmi við tillögu svæðisráðs suðursvæðis samþykkir stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tillögu um lýsingu fyrir breytingu á deiliskipulagi fyrir Skaftafell.

15. MM - Heimsminjaskrá UNESCO - Úrbætur og leiðrétting - 2109006

Fyrir fundinum lá bréf frá UNESCO til kynningar.

Svarbréf frá UNESCO vegna erindis frá Vatnajökulspjóðgarð lagt fram til kynningar.

16. Þriggja ára áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2022 - 2024 - 2109018

Fyrir fundinum lá til kynningar þriggja ára stefnumótun ríkisaðila 2022-2024.

Þriggja ára áætlun lögð fram til kynningar. Áætlunin hefur verið send til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

17. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:40.